

1214. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. febrúar 2021, kl. 17:30 á Nauthóli veitingahúsi.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Fríða Thoroddsen og Helga Ingólfssdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 1213. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1213. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og verður send í rafræna undirritun.

2. Kjaramál – staðan.

Ragnar Þór sagði að áfram væri málum fylgt eftir t.d. er varðar varnir fyrir heimilin en margir hafi orðið fyrir tekjufalli en málið því miður enn fast „í nefnd“. Við höldum áfram að þrýsta á aðgerðir með velheppnuðum auglýsingum okkar. Nefndin er að kalla eftir gögnum en VR er eina félagið sem komið hefur fram með tillögur til lausnar.

Varðandi frumvarpið um starfskjaralög virðist öllu hafa verið snúið á hvolf og efni þess orðið ómögulegt fyrir venjulegt fólk að reyna að sækja rétt sinn vegna launaþjófnaðar. Skoðum að gera drög að ályktun vegna þess í lok fundar.

Varðandi Grænbókarvinnuna sem snýr að endurskipulagi verklags kringum kjarasamningagerð þá höfum við viljað fresta þeirri vinnu því það þarf að ríkja traust á milli aðila fyrst. Þetta skoðum við sameiginlega á ASÍ þinginu í vor áður en lengra er haldið. Við viljum ekki láta veikja samningsrétt okkar en við óttumst að þetta verði of atvinnurekenda miðað.

Ragnar Þór sagðist vera að skrifa grein um atvinnulýðræðismálin með Kolbeini Óttarssyni Proppé alþingismanni en það er eitt af helstu baráttumálum okkar og ætlar hann að fara með það mál í miðstjórn ASÍ og afla því fylgis.

Áfram er unnið að verkefninu með Blæ leigufélagið en það þarf að breyta því úr dótturfélagi Bjargs yfir í systurfélag. Vonandi verður það samþykkt á næsta



miðstjórnarfundu og skipuð ný stjórn og verkefninu komið í gang og fjármögnun tryggð.

Umræður.

Sigmundur mætir hér til fundar kl. 18:05

3. Aðalfundur VR 24. mars 2021.

Stefán lagði fram skjölin „Minnisblað fyrir aðalfund VR 2021“ dags. 8. febrúar 2021, „Tillaga að stjórnarlaunum til stjórnar VR 2021 – 2022“ dags. 4. febrúar 2021 og fór yfir efni þeirra.

Stefnt er á að aðalfundur VR verði haldinn á Hótel Hilton miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 19:30. Ef það verða harðar samkomutakmarkanir er möguleiki að halda fundinn í tveimur til fjórum aðskildum söllum. Einnig er verið að skoða að hafa fundinn á staðnum og einnig sem fjarfund en samkvæmt samtölum við lögmann félagsins ætti það að vera löglegt ef fundarmenn skrá sig inn á fundinn með öruggum hætti og atkvæðagreiðsla sé framkvæmd með t.d. rafrænum skilríkjum. Þarf að skoðast þegar nær dregur en óheppilegast væri að fresta fundinum því þá tefst greiðsla inn í varasjóð.

Tillögur á fundinum:

Fundarstjóri:

Guðmundur B. Ólafsson

Fundarritari:

Árni Leósson

Tillaga um framlag í VR varasjóð:

Kemur þegar ársreikningur liggur fyrir. Í áætlun fyrir árið 2021 var gert ráð fyrir sama framlagi og árið á undan eða 785 m.kr.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga að KPMG sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2021

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Pálinu Vagnsdóttur og Guðrún Björg Gunnarsdóttir sem skoðunarmenn VR. sbr. 27. gr. laga VR. Jóhanna Rúnarsdóttir gefur ekki kost á sér áfram í starfið.

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% rennur í félagssjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilusjóð VR.

Tillaga um stjórnarlaun:

Tillaga launaneftar til stjórnar VR sem lögð væri fram á aðalfundi væri þessi; „Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 24. mars 2021, samþykkir að stjórnarlaun hækki úr 52.427 kr. á mánuði í 53.484 kr. á mánuði. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira en sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 5.000 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR. VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Tillaga um lagabreytingar:

Tillaga um lagabreytingu var samþykkt á stjórnarfundum í janúar 2021 sem varðar breytingu á formi aðal- og félagsfunda þannig að hægt sé að halda þá rafrænt.

Tillögur um breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs VR

Sjá dagskrárlið nr. 4 en lagt er til að breyta gr. 10 í reglugerð þannig að orðalagi sé breytt úr að það „skuli“ meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánaða fyrir umsókn um sjúkradagpeninga yfir í að það sé fremur „heimilt“.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis að fara með fyrir aðalfund VR 2021 ofangreindar tillögur að stjórnarlaunum og skipulagi.

Samþykkt samhljóða.

4. Breytingar á reglugerð og starfsreglum Sjúkrasjóðs VR

Stefán lagði fram skjalið „Tillögur að breytingum á gr. 10 í Reglugerð Sjúkrasjóðs VR og gr. 2.6, 5.2 og ný grein 2.8 í Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR“ dags. 4. febrúar 2021 og fór yfir efni þess.

Í máli Stefáns kom fram að ekki væri um að ræða efnislegar breytingar eða réttindabreytingar. Málið snýst um misræmi í orðalagi á reglugerð og starfsreglum þar sem reglugerð segir að „skylt“ sé að meta tekjur yfir lengra tímabil en starfsreglur að það sé „heimilt“. Þetta veldur ruglingi og þarf að samræma en það eru hagsmunir félagsmanna að það sé fremur heimilt að nýta þessa reglu fremur en skylt því stundum er hagstæðara fyrir félagamönnum að sleppa því að nota regluna. Tillagan að reglugerðarbreytingu er því eftirfarandi:

Reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Tillaga nr 1.

Núverandi hljóðan:

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

..... Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði skal meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði.

Verði (breytingar í **rauðu** lettri):

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði **er heimilt að** meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór ofangreinda tillögu upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Þá sagði Stefán að lagt væri til að bæta við nýrri grein 2.8 í Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR og væri sú tillaga eftirfarandi:

Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR

Tillaga nr. 1

Ný grein 2.8

2. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

2.8 Sjúkradagpeningar greiðast í allt að 90 daga vegna veikinda maka sjóðsfélaga, enda missi sjóðsfélagi launatekjur vegna þeirra. Hægt er að sækja um mögulega framlengingu um aðra 90 daga en hvert mál er metið sérstaklega.

Hér er lagt til að sett sé inn ný grein í Starfsreglur sem í raun lýsi því verklagi sem nú þegar er viðhaft um greiðslur sjúkradagpeninga í 90 daga vegna veikinda maka og er það byggt á 3. mgr. 10. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR en þar er hins vegar ekki getið um dagafjölda. Lagt er til að mögulega sé hægt að sækja um framlengingu, allt að 90 daga, en það sé ekki sjálfgefið heldur sé hvert mál metið sérstaklega eftir atvikum. Ekki er verið að leggja til neina breytingu á réttindum eða verklagi heldur að hafa þetta skýrar í starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór ofangreinda tillögu upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Pá sagði Stefán að einnig væri lagt til brottfall tveggja greina með eftirfarandi tillögu:

Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR

Tillaga nr. 2

Lagt er til að eftirfarandi tvær greinar falli brott:

5.2 Heimilt er að greiða styrk vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðfélaga, enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra, skv. verklagsreglum.

og

5.6 a3. Styrkir vegna veikinda maka. Heimilt er að greiða styrk sem samsvarar heildarupphæð sjúkradagpeninga í 3 mánuðir.

Greinar 5.2 og 5.6 a3 fjalla um að skrifstofu VR sé heimilt að veita aukin réttindi sem hefur verið beitt vegna veikinda maka. Í ljósi hinnar nýju greinar 2.8 er lagt til að þessar greinar um rétt vegna veikinda maka falli brott enda séu þau að fullu skýrð í hinni nýju grein. Varðandi rétt vegna veikinda barna sem getið er í gr. 5.2 er hann áfram tryggður allt að 210 dagar samkvæmt gr. 2.7 í starfsreglum og skrifstofa VR hefur ekki heimild til að úrskurða um fleiri daga umfram það og það hefur heldur aldrei verið gert og engar verklagsreglur verið til um slíkt. Ef sækja þarf um meiri rétt vegna veikinda barna er rétt að framkvæmdastjórnin taki það sérstaklega fyrir frekar en skrifstofa VR. Ekki er um neinar efnislegar breytingar að ræða með því að fella þessar greinar á brott.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór ofangreindar tillögur upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

5. VR varasjóður greining.

Stefán lagði fram skjalið „Varasjóður VR skipting styrkja 2020“ dags. 8. febrúar 2021 og fór yfir efni þess. Í máli hans kom m.a. fram að þessi skýrsla sé samantekt á gögnum úr VR varasjóði en um þetta hafði verið beðið á stjórnarfundum fyrir stuttu en að einnig hafi verið gerð könnun. Fyrsta útgáfa skýrslunnar einblínir á úttektir úr varasjóði eftir tekjuhópum. Félagsmönnum VR er skipt upp í sex tekjuhópa. Undir 300 þ., 300-500 þ., 500-700 þ., 700-900 þ., 900-1.200 þ. og yfir 1.200 þ. Til að upplýsingarnar séu sem nákvæmastar eru aðeins notaðar launaupplýsingar frá 2020. Það þýðir að félagi sem greiddi ekkert til VR árið 2020 er ekki með inni launaupplýsingum. Þetta er gert þar sem félagi gæti hafa greitt seinast til félagsins 2018 eða fyrr og því launaupplýsingar um hann orðnar gamlar.

Fyrst fór Stefán yfir heildarupphæð styrkja eftir mánuðum en heildarupphæð styrkja úr VR varasjóði fylgir árstíðarbundnum sveiflum. Mikil aðsókn er í styrki í mars, apríl og maí og aftur í september. Þessi árstíðarbundna sveifla var með allt öðru móti 2020 þegar apríl/maí kúrfan kom í júní. Þá sé það óvænt að greiðslur hafi minnkað milli ára í Covid ástandinu en reyndar hafi líkamsræktarstöðvar verið lokaðar og einnig tafðist inngreiðsla í VR varasjóð vegna ástandsins og væri það án efa hluti skýringarinnar.

Þá næst voru skoðaðar meðalupphæðir styrkja eftir tekjuhópum en þar sem söfnun í VR varasjóð fer eftir tekjum er ekki óeðlilegt að meðalupphæð styrkja sé lægst hjá þeim sem eru með lægri tekjur. Þá næst fór Stefán yfir tölur um meðalupphæð styrks af reikningupphæð, dreifingu styrkja eftir tekjuhópum, inngreiðslu eftir tekjuhópum, aðsókn eftir tekjuhópum, dreifingu styrkja eftir yfirflokkum og loks meðalupphæð eftir tekjum og yfirflokkum. Kom m.a. fram að fimm stærstu flokkarnir eru yfir 90% af öllum útgreiðslum úr sjóðnum en langmest er það vegna forvarna og orlofsþjónustu sem skýrist einnig af því að þeir styrkir eru undanþegnir skattgreiðslu að ákveðnu marki.

Þá næst fór Stefán yfir þau atriði um VR varasjóð sem komu fram í könnun sem gerð var dagana 28.01 – 09.02 2021 en þar kom fram að 49% félagsmanna eru sáttir við fyrirkomulagið um VR varasjóð, 30% höfðu ekki skoðun á málinu en 21% myndu vilja annað fyrirkomulag.

Umræður.

6. Regluleg könnun á þjónustu og fl. hjá VR

Stefán lagði fram skjalið „Könnun á viðhorfi félagsmanna í febrúar 2021“ dags. 10. febrúar 2021 og fór yfir efni þess.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að könnunin var gerð dagana 28. janúar 2021 til og með 9. febrúar 2021. Úrtak var 5.970 félagsmenn 18 ára og eldri sem hafa skráð netfang í félagakerfi VR. Alls fóru 1.037 inn á könnunina og var svarhlutfallið 17% en næsta könnun er áætluð í maí.

Þátttaka er nokkurn veginn í takt við skiptingu í félagatali hvað varðar kyn, konur 53% en karlar 47%. Svörun eftir aldri er ekki í samræmi við félagatal eða úrtak, það hallar á yngsta hópinn eins og svo oft áður og sá elsti er stærri í svörun en í félagatali. Fjölmennasti aldurshópur svarenda er 45 – 64 ára, eða 56%. Yngsti hópurinn (18 – 24 ára) er 22% af fullgildum félögum en einungis 4% svarenda.

Fór nú Stefán yfir helstu niðurstöður könnunarinnar og kom m.a. fram að 65% bera mikið traust til VR, 23% hvorki mikið eða lítið traust og 11% bera lítið traust til félagsins. Er þetta nokkuð svipað og verið hefur. Sama má segja um hversu hlynntir eða andvígir félagar eru áherslum VR í baráttunni fyrir bættum kjörum félaga en þar eru 76% hlynntir, 15 hvorki né og 9% andvígir.

Varðandi ánægju eða óánægju með þjónustu VR eru 75% ánægðir, 18% hvorki né og 7% óánægðir en þetta eru líka nánast óbreyttar tölur frá síðustu könnunum.

Breyting hefur þó orðið í þættinum um starfsöryggi því nú telja fleiri sig búa við óbreytt starfsöryggi heldur en þegar síðast var spurt í október 2020 eða 74% á móti aðeins 66% í október sl.

Umræður.

Fundi er slitið kl. 20:33
Árni Leósson, fundarritari